



STEFNA VARÐANDI FRUMBYGGJA

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess á alþjóðavettvangi og í Bandaríkjunum, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

Bakgrunnur

Alcoa hefur verið í fararbroddi í bauxítvinnslu, súrals- og álframleiðslu í rúm 130 ár. Gildin okkar (heilindi, árangur og umhyggja) leggja grunninn að ákvörðunum okkar, aðgerðum og hegðun. Að lifa eftir gildum okkar krefst þess að við stöndumst hæstu staðla í fyrirtækjahegðun á öllum sviðum viðskipta á öllum landsvæðum heimsins.

Við kunnum að meta og virðum fjölbreytileika, menningu, siði og gildi frumbyggja og annarra landtengdra íbúa¹ í þeim samfélögum þar sem við störfum og tökum til greina þarfr þess, áhyggjuefni og kappsmál varðandi arfleifð þess og hefðir.

Við vitum að starfsemi á vegum fyrirtækisins er staðsett á heimasvæðum frumbyggja og að allan þann langa tíma sem fyrirtækið hefur verið rekið og með kynslóð eftir kynslóð með mismunandi og stöðugt aukna menningarvitund, höfum við haft áhrif á réttindi og líf þess fólks á ýmsan hátt sem við höfum ef til vill ekki verið meðvituð um eða skilið.

Alcoa hefur frá upphafi ráðist í alls konar verkefni og gert áætlanir til þess að vekja athygli á málefnum frumbyggja og landtengdra íbúa og þau hafa yfirleitt verið á vegum hinna ýmsu starfsstöðva.

Viðhorf okkar

Við munum halda áfram að vera heiðarleg og ábyrg í samskiptum við samfélögin þar sem við störfum, þar með talda frumbyggja og landtengdra íbúa þar sem við rekum fyrirtæki, könnum land og þar sem við höfum umsjón með lokuðum starfsstöðvum.

Í þeim tilvikum þar sem hópar frumbyggja og landtengdra íbúa eru með sterka tengingu við land og vötn nálægt starfsstöðvum okkar, vinnum við með þeim til þess að komast að samkomulagi sem er báðum aðilum í hag. Þessar tengingar og hagsmunir tengjast efnislegum, andlegum, menningarlegum og efnahagslegum réttindum ásam almennri velferð bæði einstaklinga og hópa. Alcoa gerir sér grein fyrir því að þessi réttur og velferð geti komið fram í menningarlegum, stjórnsýslulegum og ákvarðanatengdum ferlum sem eru ólíkir þeim sem almennt gilda í þjóðfélaginu.

Þar af leiðandi, þegar um er að ræða nýjan rekstur eða meiri háttar fjárfestingarverkefni á stað eða í grennd við stað sem sögulega tilheyrir frumbyggjum eða landtengdum íbúum, eða þeir hafa notað, munum við ræða við þá hópa sem rekstur okkar hefur áhrif á með virðingu fyrir einstakri sögu þeirra, menningu og væntingar varðandi sjálfsákvörðunarrétt þeirra, með því að hlusta á þá og svara spurningum þeirra og bjóða fram aðstoð við sjálfbærar aðgerðir eftir að starfsstöð okkar hefur verið lokað.

¹ Enska: Land-Connected Peoples. Þjóðfélagshópar sem eru með þjóðfræðilega sannaða búsetu og/eða trúarlega tengingu og/eða lífsafkomutengingu við skilgreinanleg landsvæði sem hafa staðið lengur en eina kynslóð. Þar með talið eru stórfjölskyldur sem spanna margar kynslóðir, ættflokkar, hefðbundnir íbúar og aðrir þjóðfélagshópar sem eru með tilfinningalega og/eða trúarlega tengingu við það landsvæði sem um ræðir..



STEFNA VARÐANDI FRUMBYGGJA

Í þeim tilvikum sem frumbyggjar og landtengdir íbúar eru viðurkenndir af hinu opinbera, munum við starfa í samræmi við öll viðeigandi lög og reglugerðir auk grunnreglunnar um frelsi og reisn, efnahagslegt öryggi og jöfn tækifæri í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (ILO) nr. 169 um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum og yfirlýsingu SP um réttindi frumbyggja (UNDRIP).

Hvar sem því verður við komið munum við leita stuðnings vegna nýrra framkvæmda frá viðkomandi menningarsamfélögum frumbyggja með aðstoð sérfræðinga í samningamálum, hagsmunagæslu bæði okkar og þeirra og formlegum samningum.